

**120. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn miðvikudaginn
24. apríl 2019 að Aðalstræti 10-12, Bolungarvík og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Smári Haraldsson (SH) formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) verkefnastjóri, Hulda Birna Albertsdóttir (HBA) starfandi forstöðumaður, Sigríður Gísladóttir (SG) og Þórir Sveinsson (ÞS) í síma.

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Fundargerðir NAVE.

Lögð fram fundargerð 119. fundar stjórnar NAVE frá 3. apríl 2019.
Fundargerðin staðfest samhljóða.

2. Ársreikningur 2018.

Lagt fram drög að ársreikningi 2018. FM falið að hafa samband við endurskoðanda félagsins um frekari skýringar með reikningnum vegna breyttrar framsetningu ársreikningsins.

3. Viðbótarframlög úr ríkissjóði til NAVE.

Rætt um viðbótarframlag úr ríkissjóði á árinu 2019. Leitað hefur verið til Umhverfisráðuneytisins vegna þess viðbótarfjármagns sem Náttúrustofa Vestfjarða hefur verið með og unnið er að nýjum samningi til 2ja ára.
FM falið að fylgja málinu eftir.

4. Stefnumótun fyrir NAVE.

Á ársfundi NAVE 2019 10. maí nk. verður stefnumótunarverkefnið kynnt og m.a. lýst eftir hugmyndum að mögulegum samstarfsverkefnum við sveitarfélögin s.s. á sviði umhverfismála. FM falið að taka saman úrdrátt um stöðu málsins.

5. Starfsmannamál.

Rætt um starfsmannamál og málið fært í trúnaðarbók stjórnar NAVE.

Farið yfir útreikninga á röðun starfsmanna í launaflokka m.v. fyrirbyggjandi drög að nýjum stofnanasamningum milli NAVE og FÍN. FM falið að hafa samband við formann FÍN í þeim tilgangi að reyna að ljúka gerð stofnanasamninganna.

Rætt um gerð nýs kjarasamnings við FÍN, Félags íslenskra náttúrufræðinga, og samningsumboð fyrir hönd stjórnar NAVE.

Samþykkt var að óska eftir að Samband íslenskra sveitarfélaga fari með samningsumboð f.h. stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða við FÍN við gerð nýs kjarasamnings starfsmanna NAVE, sem eru félagsmenn í FÍN.

FM falið að fylgja málinu eftir.

6. Verkefnastaða og fjármál NAVE.

Rætt um stöðu verkefna starfsmanna NAVE og styrkveitingar. Sótt hefur verið um verkefnastyrk úr Rannsóknarsjóði V-Barðastrandarsýslu og stefnt að umsókn í Umhverfissjóð sjókvíaeldis.

7. Önnur mál.

- a. Húsaleigukostnaður. Rætt um kostnað við leigu á aðstöðu fyrir Nave. FM falið að leggja fram yfirlit um húsnæðiskostnað.
- b. Næsti stjórnarfundur. Næsti fundur stjórnar NAVE er boðaður 10. maí nk. að Kirkjubóli í Bjarnardal og hefst kl. 09:00.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.

Smári Haraldsson (sign.).
Friðbjörg Matthíasdóttir (sign.).
Hulda Birna Albertsdóttir (sign.).
Sigríður Gísladóttir (sign.).
Þórir Sveinsson (sign.).